

Leiðbeiningar til verslana og veitingastaða

Mikil vitundarvakning hefur orðið varðandi mikilvægi þess að draga úr plastnotkun, ekki síst hvað varðar umbúðaplast. Neytendur vilja leggja sitt af mörkum við að draga úr notkun einnota umbúða m.a. með því koma með eigin ílát í verslun undir þau matvæli sem ekki eru þegar innpökkuð. Sem dæmi um þetta má nefna kjöt, fisk, ýmsa þurrvöru, grænmeti og ávexti og mat sem tekinn er heim af veitingastöðum.

Öryggi og innra eftirlit

Hlutverk umbúða er mjög mikilvægt þegar kemur að öryggi matvæla og því er ekki sjálfsagt að þetta sé framkvæmanlegt þegar kemur að viðkvæmum vörum eins og matvælum tilbúnum til neyslu. Hver verslun skoðar aðstæður hjá sér og metur hvort hættu geti skapast fyrir þær vörur sem í boði eru. Koma þarf upp verklagi sem lágmarkar eða útilokar hugsanlega hættu, áður en farið er að bjóða uppá að afgreiða matvæli í ílát viðskiptavina. Nánari upplýsingar um innra eftirlit er að finna á vef Matvælastofnunar: <http://www.mast.is/matvaelastofnun/innra-efartil/>

Kjöt- og fiskborð og tilbúin matvæli

Verslanir með viðkvæma vöru t.d. kjöt- eða fiskborð og veitingastaðir þurfa sérstaklega að skoða aðstæður hjá sér. Ef hættugreining leiðir í ljós að öryggi matvæla geti verið ógnað þarf að koma upp verklagi, sem lágmarkar eða kemur í veg fyrir hættuna. Í mörgum tilfellum er þetta vel gerlegt en það er ekki sjálfgefið og krefst þjálfunar og góðrar þekkingar starfsfólks.

Kröfur til umgengni og íláta

Gera skal kröfu varðandi þau ílát, sem matvæli eru afgreidd í. Ílátin verða að vera hrein, heil og það þarf að vera hægt að loka þeim vel. Ílát sem brotið er upp úr þannig að lok nái ekki að þetta ílátið, hentar ekki undir vörum eins og kjöt og fisk, þar sem hættu er á krosssmiti. Þannig íláti verður að hafna og eins ef ílát er greinilega óhreint eða blautt. Verslun skal áskilja sér rétt til að neita að afgreiða í ílát viðskiptavinar og bjóða uppá umbúðir ef sú staða kemur upp. Einnig getur verið gagnlegt að skoða upplýsingar um rétta notkun umbúða á [vefsíðu Mast](#).

Dæmi um upplýsingaskilti í verslun

Verslanir og veitingastaðir eru hvattir til að vekja athygli, með upplýsingaspjaldi, á að hægt sé að fá matvæli afgreidd í ílát viðskiptavina og um leið upplýsa um skilyrði, sem verslunin setur.

Drögum úr notkun á einnota plasti

Hér er hægt að fá afgreitt úr kjöt- og fiskborði í margnota ílát að heiman.

Ílátin þurfa að vera heil og hrein og vera ætluð undir matvæli.

Starfsmenn geta hafnað ílátum viðskiptavina án skýringa

og eru viðskiptavinir beðnir að virða það.


Við höfum öryggi matvæla í fyrirrúmi en þau matvæli sem eru afgreitt í ílát að heiman eru á ábyrgð viðskiptavinar.

Ekki er hægt að skila vörum sem afgreiddar eru í ílát viðskiptavina.

Góð ráð til neytenda sem vilja versla umbúðalaust

Neytendur bera ábyrgð á öryggi þeirra íláta, sem þeir taka með í verslanir, en öryggi matvæla skal ætíð haft í fyrirrúmi. Ef ílát eru óhrein eða óþétt skerðist öryggi matvæla að sama skapi.

Hvaða ílát eru ásættanleg undir matvæli?

- Ílátið skal vera ætlað undir matvæli og viljum við minna á  merkið sem sjá má á flestum hlutum framleiddum til notkunar fyrir matvæli
- Það skal vera úr efni sem auðvelt er að þrifa (plasti, gleri, leir eða málm)
- Auðvelt skal vera að loka því og ef á að kaupa hráar kjötvörur eða fisk er sérstaklega mikilvægt að lokið sé þétt
- Ílátið skal vera hreint og þurrkt að utan sem innan og það lokað við komuna í verslunina
- Einnig má nota poka að heiman undir grænmeti, ávexti og brauð sem selt er í lausu

Neytendur þurfa að huga vel að þrifum

- Ef má setja í uppþvottavél, notið hana
- Þvo vandlega að utan og innan með uppþvottalegi og heitu vatni
- Þurrka með hreinu stykki eða láta þorna t.d. yfir nótt

Að lokum eru neytendur hvattir til að kynna sér upplýsingar á heimasíðu Matvælastofnunar um rétta notkun umbúða þar sem einnig fjallað um endurnotkun umbúða og hættur sem fylgja mismunandi gerðum umbúða.

<http://www.mast.is/matvaeli/snertiefni-matvaela/rett-notkun-umbuda/>



Merkingar Umbúða

Umbúðir sem sérstaklega eru ætlaðar fyrir matvæli eru auðkenndar eða merktar með einhverju af eftirfarandi:

- Vöruheiti sem gefur til kynna notkunarvið, t.d. „matvælapokar“ eða „bökunarpappír“
- Textanum: „Fyrir matvæli“
- Glas og gaffal merki
- Leiðbeiningum um rétta notkun